

LÍFID EFTIR VINNU

BARIR

● Gaukurinn hefur frá upphafi auglýst sig sem „Iceland's Oldest Pub“ eða eitthvað í þá veruna. Það kann vel að vera að einhverjir útendingar falli fyrir þessu, en ég held satt best að segja að þessi auglýsing sé óþörf. Gaukurinn er alltaf trúfullur út úr dyrum. Hér áður fyrr var meiri klúbbstemning yfir staðnum, maður gat gengið að vel völdum fastagestum á barnum uppi. Síðan tók við leiðinlegri tími, staðurinn varð svo vinsæll að fastagestirnir hættu að koma. Ég held að það hafi gerst um svipað leyti að Valsarar byrjuðu að stunda staðinn og Illugi Jökuls fór að venja komur sínar annað. Einhvern veginn bar hann sitt bar varla eftir þessi tvö reiðarslög. Upp á síðkastið hefur staðurinn breyst talsvert og það til hins betra. Niðri er reyndar enn jafntroðið og alltaf, en það er ekkert verra. Um daginn var þar til dæmis *Sniglabandið* með besta grúv- ið í bænum og undir slíkum kringum- stæðum er ekki hægt að gera neinar athugasemdir við smásvíta. En það er á efri hæð-



SÍMSVARINN

Helgi Björnsson leikari og Vilborg Halldórsdóttir leikkona

„Halló, þetta er hjá Helga og Vilborgu. Við erum ekki heima eins og stendur. Hægt er að ná í okkur í síma níutíuog- fjórir þrjár fjórir níu, níutíuogfjórðir þrjár fjórir níu.“

inni, sem breytingarnar eru mestar. Barinn hefur verið fluttur til, borðin fjarlægð og sófum komið fyrir. Tónlistin er „öðruvísi“ — allt frá klassík til Queen. Andinn er breytilegur eftir tíma, stundum eins og á virðulegri kaffistúku, stundum eins og á koniaksstofu og stundum eins og léttgeggjuðum íslenskum bar. Umfram allt er þó þjónustan lípur og þægileg. Barir koma og barir fara, en af einhverri ástæðu held ég að eftir hundráð ár verði Gaukurinn enn „Iceland's Oldest Pub“.

POPPÍÐ

● El puerco og ennisrakabir verða á Tveimur vinum í kvöld. Við lugum því víst upp á þá að þeir ætluðu að vera þar annan í páskum en það var mið þrátt. Það er samsagt í kvöld sem þeir koma fram eftir langt hlé.

● Peres spilar á Blúsbarnum í kvöld, þetta er hljómsveit í góðu lagi. Við birtum meira að segja einu sinni mynd af þeim.


- 1 – „Úr myndinni „Uppfinningamanninum“ eftir Júlíus Kemp. Hann var aðeins 11 ára og lék sjálfur aðalhlutverkið. 2 – „End of the World“ eftir Davíð Bjarnason. 3 – „Follow the Sign“ eftir kvikmyndahópinum PUMBA úr Seljaskóla. Stysta myndin á hátíðinni. 4 – „Silent Neighbourhood“ eftir Einar Daniélsson. 5 – „Happaprenna“ eftir Axel Jóhann Björnsson. 6 – „Happaprenna“ eftir Axel Jóhann Björnsson.

STUTT, STYTTRA, STYST OG MYNDIR



„Það þurfti að koma á svona hátíð og ef ég hefði ekki gert það hefði enginn gert það í bráð. Það þarf að gefa ungu fólki tækifæri til að sýna verk sín opinberlega, það á vont með að koma þessum myndum í sjónvarp eða bíóhús,“ segir Jó-

hann Sigmarsson, hvatamaður og skipuleggjandi Stuttmynda- hátíðar í Reykjavík. Stuttmynda- hátíðin verður haldin á Hótel Borg 27., 28. og 29. apríl. Jóhann er 23 ára og hefur nokkuð komið nálægt kvik- myndagerð áður, því hann skrif-



aði handritið að kvikmyndinni Veggfóðri sem frumsýnd verður 17. júní. Og hann framleiðir reyndar myndina ásamt leik- stjóranum Júlíusi Kemp. Á hátíðinni verða sýndar 22 myndir sem eru allt frá tveimur og hálfri mínútu upp í þrjátíu

mínútur. Einnig verða sýndir „trailarar“ eða kynning- armyndir úr þremur kvikmynd- um sem frumsýndar verða von bráðar; Veggfóðri, Sódómu Reykjavík og Svo á jörðu sem á himni.

Þá verða fluttir fyrirlestrar um kvikmyndir og fyrirlesarar verða; Hilmar Oddsson, Hall- dór Þorgeirsson, Ari Kristins- son, Geir Ottarr, Margrét Bened- diktsdóttir, Steingrímur Karls- son, Hilmar Örn Hilmarsson, Kjartan Kjartansson og Jóhann sjálfur.

Peir eru margir nýliðarnir sem þarna eiga myndir, meðal annars úr klúbbum grunn- og framhaldsskóla. Þess má geta að kvikmynd nema úr Verk- menntaskólanum á Akureyri, sem mikla athygli vakti þegar úr henni var sýnt í Gettu betur, er á hátíðinni. Og einnig eru myndir þarna eftir menn sem þegar hafa getið sér gott orð eins og Óskar Jónasson, Sigurbjörn Adal- steinsson og Júlíus Kemp.

Ef hátíðin heppnast vel og undirtektir verða góðar er stefnt að því að gera þetta að árlegum viðburði og víst er að þeir fjöl- mörgu sem fást við kvikmynda- gerð fagna því. Aðgangur hvert kvöld er litlar 300 krónur, en ef keypt er á öll kvöldin í einu að- eins krónur 700.

KOMA NIÐUR Á JÖRÐINA

Einhvern tíma var japönsk myndlist þannig að manni fannst

hún öll líft og svífa í lausu lofti, hulin þokuslæðum, á einhverju



JAPANIR

● Exist spilar frumsamda tónlist á Púlsinum í kvöld. Tónlist þeirra ku vera afbrigðisgöð en einnig mun Stáfélagið koma fram með Sigurjón Skærings- son í broddi fylkingar. Fyrirgefðu Sig- urjón að ég kallaði þig Jóhannes um daginn.

● Sniglabandið spilar fyrir Gafflara í Firðinum föstudags- og laugardags- kvöld. Mikki gaman og svo er ljótt að stríða Hafnfirðingum með þessu um vinina.

● Kolrassa krókríbandi verður á Púlsinum föstudags- og laugardags- kvöld. Þær stóllur koma þar fram sem gestahljómsveit á tónleikum Dóra og vina hans. Kolrassa sigraði í Músíktí- raunum og er hreint bráðskemmtileg.

VEITINGAHÚS

● Það er mikill misskilningur ef ein- hver stendur í þeirri trú að litlir veitinga- staðir séu hlýlegir og heimilislegir. Það á að minnsta kosti ekki við hér heima á Íslandi. Ef til vill er það vegna þess að á þessum litlu stöðum er eldaður vöndur matur, kannski er það vegna þess að fólk er orðið svo blankt að það fer sjaldnar út að borða og ef til vill er það vegna þess að þessir litlu staðir eru einfaldlega af margir; en að minnsta kosti er það svo að þegar maður álpast þangað inn þá er maður eini kúnninn. Og það er hvorki hlýlegt né heimilislegt — nema kannski fyrir þá sem eru einkabörn. En við hin sitj- um þarna sneypst. Annars vegar er okkur illt í veskjum. Viðskiptavinir á veitingastöðum þurfa að standa undir launum til starfsfólks, húsaleigu, hrá- efni, rafmagni og guð má vita ekki hverju. Og einn viðskiptavinur getur kíknað undan því að þurfa að borga brúsannt fyrir heilt kvöld. Hins vegar finnst okkur við vera að gera fullmikið umstang með því að borða á þessum stöðum. Ef við ættum góða konu eða kynnum sjálfir að elda heima hjá okkur gæti allt þetta starfsfólk farið heim og



Hrafnhildur Pálsdóttir nemi í uppeldisfræði í Háskólanum

Hvað ætlar þú að gera um helgina, Hrafnhild- ur? „Á föstudagskvöldið ætla ég að lesa fyrir próf og laugardegnum eyði ég líka við lestur. Á laugar- dagskvöldið kíkir maður sennilega á pöbb og á sunnudaginn ætla ég í bíó að sjá Hook.“

eytt kvöldinu með sínum nánustu. Þannig leika margir þessara litlu veit- ingastaða okkur. Eins og þeir gætu verið hlýlegir og heimilislegir ef þar væri fólk.

LEIKHÚS

● Sigrún Ástrós. Hetja leiksins, Sig- rún Ástrós, er miðaldra kona. Það er líka alveg öruggt að þetta er leiksýning sem miðaldra konur flykkjast á og hafa fjarskalega gaman af (þær hafa líka gert sér ferð út á myndbandaleigu og séð kvikmyndina Shirley Valentine á myndbandi). Birtsed frá því er þetta hin ágætasta sýning og langlífi hennar varla nein tilviljun. Leikritið er hagan- lega skrifað og Margrét Helga Jó- hannsdóttir verður betri og betri leik- kona eftir því sem árin bæstast við. *Borgarleikhús fös., lau. & sun. kl. 20.*

● Dimmalimm. Nokkrar vinkonur og einn strákur hafa búið til barnaleikrit úr sögunni hugljúfu um Dimmalimm prinsessu og svanninn sem hún leysir úr álögum, af aðáunaverðri þraut- seigju. Þær leika í sýningunni systurnar Ásta og Harpa Arnardætur og með þeim Björn Ingi Hilmarsson, en Kristín Guðmundsdóttir spilar á flautu tónlist- ina eftir Álla Heimi. *Gerðuberg fim. kl. 15 & 16.*

● Allt uppselt. Það er allt í óskaplega föstum skorðum í leikhúsunum þessa dagana, enda ganga þar leikrit, kassa- stykki, sem virðist ekki vinnandi vegur að flæma af fjöllum. Leikhúskritik- erum hlýtur að fara að leiðast að- gerðaleyssið. Hjá Borgarleikhúsinu er uppselt á Þrjúgur reidinnar fram í maí- lok, en hjá Þjóðleikhúsinu er varla hægt að krækja í miða á Kæru Jelenu

VIÐ MÆLUM MEÐ

Að Arnarhóll eignist vini það er ömurlegt að sjá hvernig hann drabbast niður

Að gengið verði frá ytra byrði ráðhússins skítt með hvort það er málning eða mamari, en ekki bera stein- steypu takk

Að almenningur noti Lands- bókasafnið þar hreyfist tíminn öðruvísi en annars staðar, eins og líunin bóka- vörður

Að bankarnir sendi manni ávísanahefti heim þegar síðustu blöðin taka að streyma inn


INNI

Fyrir karlpeninginn í sumar. Ekkert allt- of æpandi fót, í rauninni frekar látláus í gráum, hvítum og stundum jafnvel svört- um tónum. Það sem skiptir ennþá meira máli eru allir smáhlutirnir, fylgihlutirnir sem gefa heildarmyndinni fyllingu. Hálsbindi skulu vera úr silkí, handmálud eða handofin, en alls ekki æpandi eða skrapót; heldur í virðulegri kantinum án þess þó að strákslegt yfirbragð vanti al- veg. Skómir mega hins vegar vera áber- andi, jafnvel úr slönguskinni eða krókó- dísskinni en annars úr vönduðu leðri eða rúskinni. Íþróttaskór hafa tröllríðið und- anförnum sumrum, framsókn þeirra slot- ar ögn þetta árið. Og niður í enn smærri atriði þar sem sundurgerðin fær fyrst að njóta sín: Litlar nætur í bindi eða jakka- boðungi, armband, skyrtuhappar og jafnvel hringur eða hálsmen. Allt þó í hófi og allt skal það valið af stakri kost- gæfni; svoleiðis má ekki virðast of dýrt, ekki eins og auglýsing um ríkidæmi, en heldur ekki eins og það hafi fengist í Hagkaup. Best er ef litur út fyrir að glingrið hafi verið í lítilli búð, í fjarlægri stórborg, bak við heiminn þar sem fáir vita af. Eymalokkar eru hins vegar gjör- samlega úti, menn sem ganga með svo- leiðis eru annaðhvort hómósexúalistar, glæpamenn eða Svíar.

ÚTI

Fyrir tveimur árum var Reykjavík orðin eins og miðborg Peking um þetta leyti árs. Allt úði og grúði af reidhjólum. Á hverju horni var verslun með sérbúnað fyrir hjólríðafólk og jafnvel Bobby Harrison sprangaði um göturnar á reid- hjólabuxum. Heilbrigði og hreysti skein af hverjum manni. En hvar eru hjólin nú? Fyrir utan táníngatöfara og börn sést enginn maður lengur á hjóli. Fyrir tveimur árum rúllaði hjónabands- hamingja miðaldra fólks á hjólunum, en nú er eins og allir hafi fengið keðjufall. Svona fer krepnan með fólk. Það er ekki lengur bjartsýnt og hugsar um heilbrigða sál í hraustum líkama. Það veit sem er að þetta skiptir engu máli — það mun hvort ed er deyjja óhamingjusamt og snautt. Hjólin rykfalla í kjöllrunum og fólkíð líka.

ASKUMYNDIN



Ein leið að ódauðleika og eilífri æsku er að bera slaufu. Hún er svo áberandi að hún dregur athygli fólks að sér. Enginn tekur eftir því þótt maðurinn á bak við slaufuna eldist. Það er helst að einhver taki eftir því ef hárið ber annan lit en áður. En það má draga úr lík- unum á að einhver taki eftir því með nýjum litasetringum í slauf- unni, þótt Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og trygg- ingaráðuneytinu, hafi ekki brugðið á það ráð.